



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Umhverfisstofnun
Áb. <u>GBI SDK SK</u>
06. maí 2013
<u>8.14.1</u>
Tilv. <u>UST20130600001</u>

Reykjavík, 2. maí 2013
Tilvísun: 2011060380

Umsögn um tillögu að starfsleyfi fyrir SORPU bs.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) vísar til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstað SOPRU í Álfnesi. Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir tillögu að starfsleyfi og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Gr. 1.10 Samráðsfundur

Umhverfisstofnun getur falið heilbrigðisnefnd eftirlit skv. 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sé heilbrigðisnefnd falið eftirlit verður fulltrúi heilbrigðisnefndar líka fulltrúi eftirlitsaðila og fulltrúi Umhverfisstofnunar ekki aðili að samráðsfundi. Það er álit HER að breyta þurfi grein til að gera ráð fyrir þessu framsali þannig að Umhverfisstofnun sé ávallt á samráðsfundi.

Gr. 1.12 Valdsvið og þvingunarúrræði

Í lögum nr. 55/2003 er kveðið á um að ef svo alvarleg hætta stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er Umhverfisstofnun/heilbrigðisnefnd heimilt **til bráðabirgða** að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað. Í tillögu að starfsleyfi er kveðið á um að eftirlitsaðila sé heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðila sé um alvarlega hættu að ræða. HER telur að betra sé að segja að heimilt sé að stöðva starfsemi rekstararaðila **til bráðabirgða** sé um alvarlega hættu að ræða.

Í grein er tilgreint að **eftirlitsaðili** geti svipt rekstraraðila starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik. Þarna er ekki tekið tillit til að eftirlitsaðili getur verið heilbrigðisnefnd og heilbrigðisnefnd hefur ekki heimild til að svipta rekstraraðila starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hefur gefið út. Það er álit HER að breyta þurfi grein og tiltaka að **útgefandi starfsleyfis** geti svipt rekstraraðila starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik.

Gr. 2. 6 Tilkynningarskylda vegna mengunarslysa

HER bendir á að ef heilbrigðisnefnd hefur verið falið eftirlit er ekki kveðið á um að tilkynna Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

Gr. 2.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Skv. gr. 12.3 í rgl. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er kveðið á um að gera skal kröfu í starfsleyfi að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs. HER bendir á að í tillögu að starfsleyfi kemur þetta ekki fram.



Gr. 3.5 Hauggas

Í gashreinsistöð er rekstrarlager af gasi sem gera þarf betur grein fyrir í starfsleyfi Gasbirgðastöðvar eru starfsleyfisskyldar skv. fylgiskjali 2 í rgl. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. HER telur að gott væri að hafa betri lýsingu á starfsemi gashreinsistöðvar og stærð hennar ásamt því að tilgreint sé að skilgreina þarf viðbrögð við gasleka.

Gr. 5.3 Losunarmörk

HER finnst ekki vera ljóst í tillögu að starfsleyfi hvernig fylgjast á með útrás sigvatns í Þerneyjarsundi. HER telur að gera þurfi grein fyrir eftirliti eða verklagi til að fylgjast með hvort útrás uppfylli þau skilyrði sem koma fram í þessari grein.

Gr. 5.4 Skýrslugjöf

Skv. gr. 9 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að afrit af skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er eða eru endurnýttar eða endurnotaðar, um heildarmagn og um árangur af vöktunaráætlun skal senda heilbrigðisnefnd. HER telur að taka þurfi fram í starfsleyfi að senda skuli afrit á heilbrigðisnefnd.

Virðingarfallst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Ólöf Vilbergsdóttir

Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi